

Verkefnasamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Hafnarstræti 18, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi verkefnasamning:

1. gr.

Markmið og verkefni.

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum bæjarfélagsins til að renna enn styrkari stoðum undir íþrótta- og æskulýðsstarfsemi á þeirra vegum.

HSV samþykkir, samkvæmt samningi þessum, að taka að sér verkefni þau er getið er um í fylgiriti með samningnum.

Ísafjarðarbær getur falið HSV að vinna önnur verkefni en hér eru tilgreind í fylgiritinu sé HSV samþykkt því og munu þá greiðslur fylgja verkefninu frá Ísafjarðarbæ.

HSV skal undirrita verkefnasamninga við aðildarfélög sín þar sem þeim eru falin þau verkefni er getið er í fylgiriti samningsins. 2. gr.

Upphæðir og greiðsla

Ísafjarðarbær mun greiða HSV 7.750.000.- vegna verkefna sem getið er um í 1. gr.

Stjórn HSV sér um að ráðstafa verkefnum og fjárhæðum þeim tengdum á milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglingastarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að slíkt starf fari fram hjá viðkomandi félögum.

Greiðsludagar Ísafjarðarbæjar til HSV skulu vera einu sinni í mánuði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Skila skal reikningum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 10. hvers mánaðar. Lagt verður til að árlegt framlag í samningi þessum taki breytingu samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. gr.

Umsjón

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að hafa umsjón með þeim verkefnum sem getið er um í 1. gr. HSV ber ábyrgð á því að verkefni séu unnin og ber Ísafjarðarbæ að koma öllum athugasemdum er varða verkefni til framkvæmdarstjóra HSV. Fyrir árlega endurskoðun skilar HSV skýrslu til Ísafjarðarbæjar um þau verkefni sem unnin hafa verið á árinu.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir til fjögurra ára. Endurskoðun verkefna fer fram í október ár hvert, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og getur upphæð breyst með samþykki beggja aðila.

Ísafjörður, xx. september 2017.

F.h. Héraðssambands Vestfirðinga.

F.h. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

Skilgreining verkefna - fylgirit

Skíðavikan – árlegur viðburður um páskana.

Vinna við atburði í tengslum við vikuna í samstarfi við atvinnumálanefnd og/eða verkefnisstjóra. Viðkomandi félag/félög sjá um að skipuleggja og framkvæma eftirfarandi viðburði:

Páskaeggjamót: Panta páskaegg og ganga frá samningum við styrktaraðila um það. Koma eggjunum á sinn stað. Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda páskaeggjin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 12 ára og yngri. Ef samningur fæst ekki við styrktaraðila gæti mótið fallið niður.

Garpamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun/páskaegg fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki. Kaupa páskaeggjin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 30 ára og eldri.

Furðufatadagur: Umsjón með grilli. Útvega hráefni, grill og vinna við grillun og sölu. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir sölnu. HSV/félagið fær ágóðann af sölnunni.

Snjóbrettamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið og útbúa braut í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í stelpu- og strákaflokki. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað unglungum 12 ára og eldri.

Fjallaskíðamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra og skíðavíkustjóra um hvar mótið verði haldið og útbúa braut. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er öllum opið.

Skíðaskotfimi: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun. Ganga frá að móti loknu.

Kakósala á setningunni: Útvega og sjá um sölnu. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir sölnu. HSV/íþróttafélag fær ágóðann af sölnunni.

Flöggun á skíðasvæðinu og Ísafirði á meðan á skíðavíku stendur í samstarfi við þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar, sem setur upp og útvegar fánastangir og íslenska fána. Fánar dregnir upp að morgni og niður að kvöldi frá miðvikudagskvöldi til mánudagskvölds.

Þrif á fjörum að vori.

Ísafjörður - frá flugvelli að Skarfaskeri. Verkið skal unnið að vori og vera lokið 10. júní ár hvert. Ganga þarf fjörunar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handafli. Koma ruslinu inn í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Suðureyri - hafnarsvæðið frá gámasvæði að brjót. Verkið er unnið fyrir Sæluhelgi á Suðureyri. Ganga þarf fjörunar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handafli. Koma ruslinu í Funa - eða gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Flateyri - í kringum eyrina. Verkið unnið að vori. Ganga þarf fjörunar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handafli. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Þingeyri - í kringum byggðina. Verkið skal unnið fyrir Dýrafjarðardaga. Ganga þarf fjörunar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handafli. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Umsjón með golfvöllum

Hafa umsjón með golfvöllum í Tungudal og Meðaldal. Sjá um nauðsynlegt viðhald á völlum s.s. slátt, vökvun og áburðargjöf. Halda svæðunum snyrtilegum.

Til viðbótar fá félögin/félagið rekstrarstyrk, eitt stöðugildi á hvorn golfvöll í 5 mánuði, greiddan beint frá Ísafjarðarbæ. Laun eru greidd miðað við launaflokk 121 samkvæmt samflotssamningum. Þá fá þeir unglinga frá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar til aðstoðar við umhirðu vallanna þær 10 vikur sem hann starfar. Unglingarnir verða í umsjón þeirra meðan á vinnu þeirra stendur.

Sjá um slátt og aðra umhirðu á þúttvöllinum á Torfnesi sem hér segir. Völlinn skal slá þrisvar í viku frá 15. maí til 15. september. Áburð skal bera á völlum 5 sinnum yfir sumarið og hann gataður einu sinni yfir sumarið. Völlurinn verði slæsaður tvisvar yfir sumarið og sandaður a.m.k. 2. sinnum yfir sumarið. HSV ber ábyrgð á að völlum verði vökvaður eins og nauðsynlegt er. Ísafjarðarbær mun sjá um kaup á áburði, fræi og sandi og leggja til áburðardreifara. Ísafjarðarbær mun sjá um hreinsun á runnum og umhverfi vallarins. Sjái um opnun og lokun vallarins yfir sumarmánuðina.

17.júní

Vinna við uppsetningu sviðs á hátíðarsvæði, þrif meðan á hátíðinni stendur og að henni lokinni, flöggun, flutning hljóðkerfis á svið hátíðarsvæðis og önnur tilfallandi verk sem verkefnisstjóri hátíðarinnar felur þeim. Setja upp ratleik, sjá um andlitsmálningu og kassabílarallí. Fá hestamenn til að teyma hesta undir börn. Setji upp snyrtileg sölutjöld, sjá um söluna, útvega aðföng og búnað sem til þarf. Sölutjöld skulu vera í gangi að hátíð lokinni, ef kvölddansleikur er á öðru svæði en hátíðarsvæði þarf einnig að setja upp sölutjald/sölubás þar. HSV/Íþróttafélag fær ágóðann af sölunni.

Þrif eftir áramót

Þrif á flugeldum og drasli. Verkið unnið fyrstu daga janúarmánaðar (2.-3. janúar), snjóí strax eftir áramótin þarf að fylgjast með veðri og hreins drasl um leið og mögulegt er. Þrifin eru í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og skulu allar götur og opin svæði hreinsuð. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.

Vinna við knattspyrnusvæði

Umsjón með vallarsvæðinu á Torfnesi. Gæsla á leikjum bæði á velli og inni í húsi og. Sjá um að opna og loka vallarhúsi/íþróttahúsinu á Torfnesi fyrir og eftir leiki/æfingar sem fram fara utan venjulegs dagvinnutíma. Ganga frá og þrifa svæðið eftir leiki. Gæsla á leikjum í Vallarhúsi og íþróttahúsinu á Torfnesi þegar við á. Halda auglýsingaskiltum í þannig ástandi að þau séu svæðinu til sóma.

Útvega starfsmann sem starfar með umsjónarmanni vallarins yfir sumarið samkvæmt verkáætlun frá forstöðumanni íþróttamannvirkja. Vinnutími samsvarar eins mánaðar vinnu.

Vorþrif

Ruslahreinsun frá Túngötu á Ísafirði og niður á Suðurtanga. Sérstök áherlsa á gömlu húsin í Neðsta, sunnantil á eyrinni, sjúkrahústúnið og Jónsgarð. Einnig kringum göngustíginn neðan við Sólborg. Tína rusl opnum svæðum, götum, gangstéttum og runnum og koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.

Gróðursetning

HSV mun standa fyrir gróðursetningardegi á svæðum í samráði við Skógræktarfélag Ísafjarðar og umhverfisfulltrúa. HSV sækir um í umhverfissjóð UMFÍ og aðra viðlíka sjóði til að fjármagna plöntukaup. Umfang gróðursetningarinnar fer alfarið eftir því hvernig tekst til við fjármögnun.